

Kristnitökuhátíðin á Þingvöllum og staða þjóðkirkjunnar við þúsaldamót

Hér verður fjallað um stöðu þjóðkirkjunnar í íslensku samfélagi frá miðri 20. öld og fram yfir aldamót, nánar tiltekið um kröfu hennar og stuðningsmanna hennar um aukið sjálfstæði frá ríkisvaldinu en um leið óheftan aðgang að hinu opinbera rými sem grundvallartrúarstofnun samfélagsins. Þessi krafa felst í þjóðkirkjuhugtakinu sem er í senn trúfræðilegt, félagsfræðilegt og lögfræðilegt. Þjóðkirkja gegnir að eigin mati þjónustuhlutverki gagnvart öllum landsmönnum um leið og hún varðveitir hina trúarlegu menningarhefð og miðlar henni til nýrra kynslóða. Þjónustuhlutverkið er félagslegt og óháð virkni einstakra þjóðfélagsþegna í kirkjustarfi eða trúarafstöðu þeirra. Og þessi trúfræðilegi sjálfsskilningur þjóðkirkjunnar og félagslegt þjónustuhlutverk hennar er skilgreint í landslögum og stjórnarskrá.

Sjónum verður sérstaklega beint að aðdraganda kristnitökuhátíðarinnar árið 2000, aðkomu ríkisvaldsins, væntingum kirkjunnar og því hvernig til tókst, þ.e. hvort hátíðin hafi verið í tengslum við hugmyndir stjórnvalda og kirkjuleiðtoga um stöðu þjóðkirkjunnar í íslensku samfélagi í sögu og samtíð. Hugað verður að hugmyndafræði þessarar hátíðar og þess kirkjuskilnings sem varð til á seinni helmingi 20. aldar og lagður var til grundvallar. Óhætt er að fullyrða að enginn einn maður hafi haft jafn mikil áhrif á gang mála í kirkjunni og mótað ímynd hennar meir en Sigurbjörn Einarsson sem var prófessor í guðfræði 1948–1959 og biskup Íslands 1959–1981. Í þessari grein verður því sjónum beint að áherslum Sigurbjörns í guðfræði og kirkjumálum. Sú þjóðkirkja sem var við lýði og tengd sögu, menningu og samfélagi þjóðarinnar nánnum böndum hafði mótast mjög af svonefndri frjálshyndri guðfræði sem á rætur sínar að rekja til þýska guðfræðingsins Friedrichs Schleiermachers og þeirrar biblíurýni sem eflaðist við þýska háskóla þegar líða tók á síðari helming 19. aldar.¹ Sigurbjörn mótaði þjóðkirkjuna á sinn sérstaka hátt og tók þá mið af erlendum straumum og stefnum sem gert höfðu sig gildandi í evrópskri guðfræði á millistríðsárunum.

Fjallað verður um drauminn um endurnýjun og eflingu þjóðkirkjunnar og kristninnar í landinu í undirbúningi kristnitökuhátíðarinnar. Í því sambandi verður komið inn á hina svokölluðu einkavæðingu sem brast á í upphafi nýs árfúsunds og fólst í afnámi ýmissa eftirlitsstofnana og þeirri viðleitni að ríkið skipti sér sem minnst af atvinnulífi og samfélagsstofnunum til þess að þær fengju notið sín á eigin forsendum, tekið stjórn og ábyrgð sjálfar á eigin málum og þannig leyst úr læðingi skapandi og drífandi öfl til að byggja upp nýtt og auðugt samfélag velferðar og einstaklingshyggju.

Því hefur verið haldið fram að þessi einkavæðing á frjálshyggjuforsendum hafi leitt til hruns fjármálakerfisins haustið 2008 og djúpstæðrar tortryggni margra í garð hefðbundinna

1 Sigurjón Árni Eyjólfsson, „Um kirkjuskilning Friedrichs Schleiermachers“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 22/2006, bls. 107–123; Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Ríki og kirkja: Uppruni og þróun þjóðkirkjuhugtaksins*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2006; Gunnar Kristjánsson, „Arfur siðbótarinnar. Gagnsæi, valddreifing og lýðræði“, *Þjóðkirkjan og lýðræði: Erindi frá málþingi í Skálholtsdómkirkju 23.–24. ágúst 2009*, ritstj. Gunnar Kristjánsson og Skúli S. Ólafsson, [án útgst.]: Kjalarnessprófastsdæmi, 2009, bls. 60–77.

stjórn mála og grundvallarstofnana samfélagsins. Spurt verður hvernig kirkja og kristindómur komu inn í umræðuna um einkavæðingu, möguleika Íslands í alþjóðlegum fjármálaheimi og gildi íslenskrar menningar í alþjóðlegu samhengi, sem var blásið út eins og fjármálakerfið um aldamótin 2000 og fyrstu árin þar á eftir.

Sjálfstæðisflokkurinn er áhugaverður í þessu sambandi því að hann varð leiðandi stjórn málaafli í landinu frá stofnun hans 1929 og fór með ríkisstjórnarvaldið mikinn hluta þess tímabils sem hér um ræðir. Tengsl hans við þjóðkirkju og kristindóm eru því mikilvægt atriði í þessari grein og aðkoma hans að kirkjumálum og þá sérstaklega að kristnitökuhátíðinni sjálfri. Sömuleiðis skiptir aðkoma Framsóknarflokksins máli í mótun þjóðkirkju frá upphafi 20. aldar en hann hafði sömuleiðis forystu um það með samstarfsstjórnarflokki sínum í lok aldarinnar að aðgreina þjóðkirkjuna frá ríkisvaldinu sem sjálfstæða þjóðfélagsstofnun.

Stefna Sjálfstæðisflokksins í þjóðkirkjumálum

Sýnt hefur verið fram á að frjálslynd, þjóðleg og umburðarlynd þjóðkirkja óx upp og dafnaði mikið til í faðmi Framsóknarflokksins á fyrri hluta 20. aldar.² Hér koma við sögu menn eins og Þórhallur Bjarnarson biskup og fjölskylda hans, einkum sonur hans séra Tryggvi og tengdasonur hans Ásgeir Ásgeirsson guðfræðingur og síðar forseti íslenska lýðveldisins. Þórhallur var nátengdur bræðrunum sr. Kjartani Helgasyni í Hruna, Magnúsi Helgasyni, fyrsta skólustjóra Kennaraskólans, og Guðmundi Helgasyni, forseta Búnaðarfélags Íslands, sem var faðir Ásmundar biskups á árunum 1953–1959. Hér má einnig nefna til sögunnar áhrifamesta predikara íslenskrar kristni í upphafi 20. aldar, sem var Haraldur Níelsson, prófessor í guðfræði. Sigurgeir Sigurðsson biskup, sem tók við af Jóni Helgasyni biskupi árið 1939 og var nemandi Haralds og aðdáandi, hélt vígreifur fram kirkjuskilningi þeirrar frjálslyndu og þjóðlegu kirkju sem Þórhallur Bjarnarson skilgreindi og beitti sér fyrir sem guðfræðikennari, þingmaður og biskup. Segja má að Ungmennafélag Reykjavíkur, Framsóknarflokkurinn og dagblaðið *Tíminn* hafi allt verið stofnað við eldhúsbordið í Laufási, bústað Þórhalls í Reykjavík, sem hann kenndi við æskuheimili sitt við Eyjafjörð.

Sjálfstæðisflokkurinn varð til sem leiðandi afl í íslenskum stjórn málum á millistríðsárunum. Þar sameinuðust fulltrúar borgarastéttarinnar, atvinnurekendur og leiðandi öfl í félags- og menningarmálum. Eftir að kommúnistum óx ásmegin í upphafi fjórða áratugarins og sérstaklega eftir lok síðari heimstyrjaldar og við upphaf kalda stríðsins varð vestræn lýðræðishefð burðarásinn í stefnu Sjálfstæðisflokksins. Þetta kom fram í áherslunni á varnarsamstarf vestrænna ríkja undir forystu Bandaríkjanna en það samstarf var talið lykilatriði í því að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar og efnahagslegt öryggi hennar. Reynslan af fyrri heimstyrjöldinni færði mönnum heim sanninn um það að hlutleysisstefna væri óraunhæf í alþjóðastjórn málum og æ fleiri stjórn málaöfl og félagshreyfingar af ýmsum toga sameinuðust í kröfunni um algeran aðskilnað við Dani. Samningurinn við Breta og síðar Bandaríkjamenn um varnir landsins í síðari heimsstyrjöld og svo þátttaka Íslands í stofnun NATÓs árið 1949 kórónaði þessa stefnu.

2 Pétur Pétursson, „Sekulariseringen, nationalismen och den liberala folkkyrkan på Island,“ *Kirken mellem magterne: Artikler tilegnet Jens Holger Schjørring*, ritstj. Carsten Bach-Nielsen, Liselotte Malmgart, Viggo Mortensen og Johannes Nissen, Kaupmannahöfn: Forlaget Anis, 2007, bls. 207–225.

Í upphafi voru innan Sjálfstæðisflokksins áhrifamiklir einstaklingar, embættismenn og menntamenn sem var heldur í nöp við kristna trú og mjög á varðbergi gagnvart þjóðkirkjunni. Þar má nefna menn eins og Jakob Möller og Benedikt Sveinsson, sem nefndur hefur verið hinn yngri til aðgreiningar frá nafna hans sem varð leiðtogi sjálfstæðisbaráttunnar eftir að Jón Sigurðsson var allur. Þetta voru sams konar hugmyndir og íslenskir menntamenn og stúdentar í Kaupmannahöfn aðhylltust á níunda áratug 19. aldar og kenndar voru við raunsæi danska bókmenntafræðingsins og rithöfundarins Georgs Brandesar. Við stofnun Sjálfstæðisflokksins árið 1929 lá við klofningi vegna ólíkra sjónarmiða ráðandi afla innan hans. Annars vegar voru það þessir gömlu Brandesarsinnar sem settu sig upp á móti stuðningi flokksins við kirkju og kristindóm og hins vegar yngra fólk sem mjög hafði mótast af hreyfingum eins og KFUM og KFUK og kristniboðsfélögum.³

Því meir sem kommúnistum og sósíalístum óx ásmegin úti í Evrópu og ekki síst Rússlandi þeim mun ákveðnari varð Sjálfstæðisflokkurinn í stuðningi sínum við þjóðkirkju og kristindóm.⁴ Stefna Kommúnistaflokksins var frá upphafi að aðskilja ríki og kirkju, enda skilgreindi flokkurinn, rétt eins og sósíalistar alveg frá 19. öld, trúmál sem einkamál sem ríkisvald ætti á engan hátt að skipta sér af. En hér á landi ríkti og ríkir að vissu leyti enn ríkiskirkjufyrirkomulag að því marki að formleg tengsl eru milli ríkisins og þjóðkirkjunnar m.a. í landslögum og stjórnarskrá og prestar hennar gegna vissum embættishlutverkum fyrir ríkisvaldið. Það sama er þó hægt að segja um öll önnur skráð trúfélög að meðtöldu t.d. Ásatrúarfélaginu. Að því leyti er ekki bara eitt ríkistrúfélag heldur fjölmörg.

Frá því á fimmta áratugi 20. aldar voru ákvæði um stuðning við kristni og þjóðkirkju samþykkt á landsfundum Sjálfstæðisflokksins nánast umræðulaust og var svo að mestu út alla öldina. Með tilkomu nýfrjálsbyggjunnar mátti heyra aðrar raddir í ungliðahreyfingu flokksins um aðskilnað ríkis og kirkju, en ráðandi öfl innan flokksins hlustuðu ekki á þær fyrr en kemur fram yfir aldamótin 2000. Íslenska þjóðkirkjan varð í augum þeirra sem styðja Sjálfstæðisflokkinn ein af grundvallarstofnunum þjóðfélagsins, virki gegn vaxandi áhrifum sósíalisma og vörður um borgaralegt gildismat og mannskilning, frelsi einstaklingsins og frelsi atvinnurekenda. Þetta frelsi var skoðað sem trygging fyrir hamingju einstaklinga, mannréttindum, efnahagslegum framförum, nútímavæðingu, velferð og þróun á öllum sviðum. Því lengra sem á fimmta áratuginn leið þeim mun ákveðnari varð þessi stefna í flokknum og að sama skapi andúðin á kommúnisma, einræðishyggju hans og fjandskap út í kristni og kirkju.

Línurnar voru að vísu ekki alltaf skýrar að þessu leyti því að það mátti finna presta og guðfræðinga sem voru hallir undir sósíalisma og sáu samsvörun milli hans og kenninga Krists. Það mátti jafnvel finna einstaka presta sem studdu Kommúnistaflokkinn.

Stuðningur Bandaríkjanna skipti höfuðmáli þegar að því kom að Íslendingar lýstu yfir stofnun lýðveldis 17. júní árið 1944. Sigurgeir Sigurðsson biskup 1939–1953 var hraðskilnaðarmaður og vel tengdur inn í meginstjórnsmálaöfl landsins. Hann var hallur undir vestræna samvinnu og lagði sig fram um að liðka fyrir góðum samskiptum milli Íslendinga og bandaríska hersins. Að frumkvæði vinar síns og frímúrararbróður, Vilhjálms Þórs, utanríkisráðherra í utanþingsstjórninni, sem hafði veg og vanda af lýðveldisstofnuninni fór biskupinn með herflugvél í mars 1944 til að taka þátt í afmæli Þjóðræknisfélags Íslendinga

3 Sigurbjörn Þorkelsson, *Himneskt er að lifa: Sjálfsævisaga* III, Reykjavík: Leiftur, 1969; Pétur Pétursson, „Island“, *Religiös förändring i Norden 1930–1980*, ritstj. Göran Gustafsson, Malmö: Liber forlag, 1985, bls. 111–154.

4 Pétur Pétursson, „Island“, bls. 111–154.

í Vesturheimi, en í raun var megingilgangur ferðarinnar að afla stuðnings meðal stjórnmalá-
manna og annarra ráðamanna í Bandaríkjunum við sjálfstæðisyfirlýsingu Íslendinga.⁵ Ólafur
Thors, formaður Sjálfstæðisflokksins, var ánægður með framgöngu biskups í þessu máli.⁶

Eftir að gerður er varnarsamningur við Bandaríkin, bandarískur her býr um sig í Keflavík
og Ísland gengur í NATÓ árið 1949 fara íslensk stjórnmal fyrst og fremst að snúast um
utanríkismál.⁷ Sjálfstæðisflokkurinn stóð vörð um varnarsamstarfið við Bandaríkin og aðild
Íslands að NATÓ. Óhætt er að fullyrða að flestir íslenskir prestar og guðfræðingar hafi fylgt
Sigurgeiri biskupi að málum á þessum árum.

Sigurbjörn Einarsson

Þó voru undantekningar meðal guðfræðinga og presta á stuðningnum við NATÓ. Öflugasti
andstæðingur hersetunnar (eða varnarliðsins eins og stuðningsmenn þess orðuðu það) og
veru Íslands í NATÓ var ungur guðfræðingur, Sigurbjörn Einarsson að nafni. Árið 1946
var hann í hópi ræðumanna sem kveiktu mikla andúð á öllum samningum Íslendinga við
NATÓ og Bandaríkin um samvinnu í varnar- og hernaðarmálum. Myndaðist þá harðskeytt
hreyfing sem átti stuðning meðal sósíalista og kommúnista þótt þar væru einnig leiðandi
einstaklingar, eins og t.d. Sigurbjörn, sem stóðu utan stjórnmalaflokka. Árið 1946 stofnuðu
einstaklingar sem voru utan hinna hefðbundnu flokka með sér samtökin Þjóðvörn um að
efla hreyfingu og stuðning fyrir því að Ísland stæði utan allra hernaðarbandalaga og töldu
þau vera ógn við frelsi og sjálfstæði þjóðarinnar. Þessi samtök voru leiðtogum Sjálfstæðis-
flokksins þyrnir í augum og þeir litu á Sigurbjörn, sem kosinn hafði verið formaður Þjóð-
varnar, sem hættulegan mann vegna þess hve áhrifaríkur ræðumaður hann var.⁸ Hinn 1.
desember árið 1948 flutti Sigurbjörn ræðu sem bar heitið „Haldi hverr vöku sinni“ og birt
var í kjölfarið í *Þjóðviljanum* en þar kynnir hann sjónarmið Þjóðvarnar og brýnir röksemda-
færslu þess með mergjuðu orðfæri sínu:

Mikil tíðindi hafa orðið í sögu landsins á því skeiði, sem runnið er umliðna þrjú áratugi. Vér megum minnst
þess, svo sem oft er gert, að þjóðin hefur farið hamförum í umbótum á hag sínum, tileinkað sér tækni og
hagnýta kunnáttu, nytjað sitt land og einkum sinn sjó af tvímælalausum dugnaði, lyft grettistöku á ýmsum
sviðum menningar — allt í skjóli þeirra réttinda, sem hún öðlaðist með frelsinu og var beinlínis borin uppi af
bylgju þeirrar djörfungar, áræðis og manndóms, sem frelsið vakti.⁹

Og hann heldur áfram og staðsetur sig um leið í pólitískri orðræðu þess tíma:

Ég vil leitast við að tala sem Íslendingur eftir því sem vit og geta hrekkur, með það eitt í huga, að það er eitt,
sem oss bindur: að elska vort land fyrir ofan allt stríð. — Handan allra flokka og einstaklinga er Ísland. Mér
kemur ekki í hug að flytja frá þeim bæjardrym, sem ég vildi tileinka mér með þessum orðum, neina allsherjar
gagnrýni á þessum vettvangi á aðgerðum íslenzkra ráðamanna eða viðbrögðum þjóðarinnar næstliðin,
róstusöm ár, né taka til ýtarlegrar meðferðar einstök stórmál. En fáein alvöruorð vildi ég sagt hafa.¹⁰

Svo víkur hann orðum sínum að hersetunni og hlutleysisstefnu Íslendinga og ræðir um
Ísland og stöðu þess í alþjóðlegri pólitík stríðandi stórvelda, Bandaríkin og vestræna sam-
vinnu annars vegar og Sovétkommúnismann hins vegar:

5 Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi IV, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík:
2000, bls. 199–423.

6 Matthías Johannessen, *Ólafur Thors: Ævi og störf*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1981, bls. 151.

7 Ólafur Ragnar Grímsson og Þorbjörn Broddason, *Íslenska þjóðfélagið: Félagsgerð og stjórnerfi* 1, Reykjavík: Örn og Örlygur, 1979.

8 Matthías Johannessen, *Ólafur Thors*, bls. 151.

9 Sigurbjörn Einarsson, „Haldi hverr vöku sinni“, *Þjóðviljinn* 3. desember 1948, bls. 5.

10 Sama rit, s. st.

En hér um er það fyrst að segja, að svo virðist sem menn séu helztí fúsir út að sjá og á að hlýða þá kveðandi, þótt menn snúi hlustum til sinnar áttar hvorir, en það er gömul reynsla, að þeir, sem ekki hafa andvara á sér, þegar seiður er ger í áheyrn þeirra, láta glepjust, ganga á seiðinn og eru þá dauðir. „Haldi hver vöku sinni, sem má“, sagði Hrútur forðum, þegar seiðlæti þeirra Kotkels og Grímu komu upp, „og mun oss þá eigi saka“, sagði hann. Haldi hver vöku sinni sem má. [...] Mér virðist misbrestir á, að slíkri húsföðurskyldu sé gegnt af ýmsum þeim, sem mikla ábyrgð bera. Það var aldrei góðra drengja háttur á Íslandi, ef útlit var uggvænlegt, að láta æsilega og æra bátshöfn sína eða hjú með óhófslegum hrellingum. En slíkrar tegundar tel ég ekki aðeins gegndarlaus brigzl um vísvitandi svikráð íslenzkra manna við frelsi landsins, heldur ýmiskonar, vafasaman fréttáflutning. Furðuflygveitar sveima yfir landinu, að því er fólk er tjáð, njósnamenn leita færir, sitja um oss, bæði í lofti, á landi og sjó. Stundum koma börnin inn af götunni, skelfingu lostin yfir væntanlegum, óvígum flugher, sem muni steypa ógn og dauða í formi elds brennanda eða banvænna sýkla yfir borg og byggð, jafnvel á komandi nóttu. [...] Svo kann að fara, að galdraveður hið næsta, sem yfir heiminn ríður, mætist úr tveimur áttum yfir Íslandi. Hvað verður, ef svo fer? Eitt er víst: Vér megum ekki sjálfir vera hilltir af neinskonar gjörningum. Þjóðin verður að vilja eitt, og það er að lifa af hverskonar fátíðri. Það er lífsskyldan sjálf. Og til þess þarf það fyrst, að allur kjarni þjóðarinnar, hvað sem fáum einstökum líður, slái ekki undan á hvorugan veg, því hvort veðrið, sem er, fer með oss, ef það skellur á oss flötum eða öfugum. Við lífsskyldu þjóðarinnar verðum vér að miða og ekki við það, sem flutt er úr seiðhjöllum að austan eða vestan, norðan eða neðan. Það sem hér er átt við, er ekkert annað en það, sem verið hefur og hlýtur að vera annað borð þess sjálfstæðis, sem vér höfum öðlazzt og ber að vaka yfir en það er hlutleysi að öllu sjálfráðu. Hlutleysi felur í sér hættur, það er ljóst, það felur í sér hernámshættu, það vitum vér af reynslu, það tryggir ekki gegn árasarhættu. En öll skakkaföll sem vér kunnum að verða fyrir sem hlutlaus þjóð eru hættuleg. Hitt verður vísast aldrei bætt, ef vér gefum það upp, með öllu því, sem slík uppgjöf felur í sér og leiðir af sér. [...] En vér þolum mannfelli. Það kennir sagan. Þjóðin stenzt plágur flestra tegunda, annars værum vér ekki til í dag. Hafi hún þolað eldgos, hordauða og annað allt, sem óblíða aldanna færði henni að höndum, þá er full von til þess að hún standist sem þjóð þær plágur, sem nýir tímar kunna að bera í skauti. Þjóðin, sem Jón Sigurðsson fylkti til sóknar, var fámenn eftir fellu og harðrétti aldanna, ekki helmingur að höfðatölu þeirrar, sem nú byggir Ísland. Enn myndi þjóðin lifa og geta átt framtíð, þótt svo óskaplega færi, að helmingur hennar félli fyrir aðvifandi eða stríðandi morðingjum. Hitt lifir hún ekki að gefa upp málstað sinn, hasla sér völlu sem hjálenda, láta hernema líkama sinn, land og sál. Þá er hún hinum öðrum dauða dauð sem þjóð, lifandi grafín og glötuð.¹¹

Sigurbjörn lagði stund á trúarbragðafræði og guðfræði við háskólann í Uppsölum í Svíþjóð og fylgdist vel með pólitískum hræringum í Evrópu og kynnti sér hina ýmsu nýju strauma í guðfræði sem komu fram í Svíþjóð og á meginlandinu. Á árunum 1947–1955 gaf hann út guðfræðitímaritið *Víðförla* þar sem hann kynnti þessar stefnur og beitti sér markvisst í kirkju- og trúmálum.

Sigurbjörn beitti sér gegn frjálsslyndu guðfræðinni svonefndu sem var ríkjandi stefna í guðfræði á Íslandi frá aldamótunum 1900 og fram á seinni helming 20. aldar. Í skjóli frjálsslyndu guðfræðinnar þreifst spíritisminn sem heillaði marga menntamenn í upphafi 20. aldar og hafði umtalsverð áhrif á trúarlíf landsmanna. Þessi áhrif má rekja til Haralds Níelssonar (1868–1928) sem var áhrifamikill predikari og guðfræðikennari.¹² Sigurbjörn vildi vísa spíritismanum algerlega á bug sem kristinni hreyfingu og varð fyrir talsverðu mótlæti vegna þess, enda hafði þessi hreyfing náð að samþættast kristinni trú margra þeirra sem létu sig málefni þjóðkirkjunnar varða. Í andstöðu sinni við frjálsslyndu guðfræðina og spíritismann átti Sigurbjörn marga skoðanabræður innan KFUM og KFUK og Kristniboðssambandsins sem héldu fram hinum hefðbundna játningagrunni lúthersku kirkjunnar. Prestar í þessum hreyfingum stofnuðu með sér samtök árið 1947 sem nefnd voru *Félag játningatrírra presta* en Sigurbjörn gekk þó ekki í það félag. Eftir að Sigurbjörn varð prestur við Hallgrímskirkju, og ekki síður eftir að hann varð kennari við Guðfræðideild Háskóla Íslands, urðu áhrif hans meiri í kirkjunni og meðal landsmanna. Hann var mikil ræðuskörungur og hróður hans fór vaxandi eftir því sem á fimmta áratuginn leið. Árið 1948 var hann skipaður prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands.

11 Sama rit, bls. 5, 7.

12 Pétur Pétursson, *Trúmaður á tímamótum: Ævisaga Haralds Níelssonar*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2011.

Eitt af þeim málum sem Sigurbjörn setti mjög á oddinn var endurreisn Skálholtsstaðar sem kirkjulegrar miðstöðvar. Hann var í fararbroddi þeirra sem stofnuðu Skálholtsfélagið árið 1949 í þeim tilgangi að hefja staðinn aftur til vegs og virðingar. Í huga hans og margra annarra varð endurreisn Skálholts nátengd endurreisn sannrar kristni í landinu og tákni um vöxt og viðgang hennar og gildi fyrir sögu og menningu landsins.

Eftir að Sigurgeir biskup lést aðeins 63 ára að aldri var Ásmundur Guðmundsson, samkennari Sigurbjörns við Guðfræðideildina, kjörinn biskup. Ásmundur fylgdi sömu stefnu og Sigurgeir í guðfræðilegum efnum og höfðu þeir Sigurbjörn og Ásmundur eldað grátt silfur saman í deildinni. Guðfræðideildin var nánast klofin í tvennt í guðfræðilegu tilliti. Annars vegar voru það frjálslyndu guðfræðingarnir en þeim að málum fylgdi *Bræðralag*, sem var félag guðfræðinga og guðfræðistúdenta, og hins vegar *Kristilegt stúdentafélag* (KSF), sem fylgdi því sem þá var kallað íhaldsstefna í guðfræði og einkenndist af áherslu á játningar kirkjunnar og friðþægingarkenningu hennar. Kristilegt stúdentafélag var í nánnum tengslum við KFUM og KFUK og kristniboðsfélögin. Ásmundur var 65 ára þegar hann tók við embætti og ljóst var að hann sæti ekki nema til sjötugs. Hann var vinsæll sem leiðtogi Þjóðkirkjunnar og tókst að nokkru að bera klæði á vopnin í guðfræðilegum átökum innan hennar.

Eftir því sem leið á sjötta áratuginn varð það æ ljósara að íslensk kristni og Þjóðkirkja hafði eignast öflugan talsmann þar sem Sigurbjörn Einarsson var, nýtt leiðtogaefni, annáláðan ræðuskörungur og áhrifamaður, maður sem augljóslega hafði hæfileika til að hrífa unga menn með sér, meðal annarra Jónas Haralz, son Haralds Níelssonar, sem kynntist honum þegar þeir voru báðir við nám í Uppsölum í Svíþjóð en þá myndaðist venskapur milli þeirra sem varði meðan báðir lifðu. Áhrifamáttur Sigurbjörns kom ekki síst fram í því hvernig hann beitti sér gegn hersetunni og NATÓ. Hann flutti mergjaðar ræður á útifundum og var í fararbroddi herstöðvarandstæðinga. Framkoma hans sýndi mönnum það og sannaði að hér var á ferð efni í stjórn málaforingja sem aðrir stjórn mála leiðtogar í landinu urðu að reikna með eða a.m.k. að taka tillit til. Í *Morgunblaðinu* var þessi ungi prestur og guðfræðikennari tekinn rækilega í gegn og m.a. kallaður „hinn smurði Moskvaagent“¹³ en var varinn m.a. af Jóhannesi úr Kötlum á síðum *Þjóðviljans*.¹⁴ Árið 1950 ákvað Sigurbjörn hins vegar að hætta afskiptum af stjórn málum nánast eins og hendi væri veifað.

Sigurbjörn var umdeildur á þessum árum bæði vegna stjórn mála skoðana sinna og guðfræði. Þótt hann ætti marga stuðningsmenn innan KFUM og KFUK og kristniboðsfélaganna, sem héldu fram viðteknum skilningi á játningum kirkjunnar, eins og Sigurbjörn gerði reyndar líka, var hann umdeildur í hópi þeirra vegna þess að þessi félög voru í fararbroddi baráttunnar gegn sósíalísmi og ólu ungt fólk upp í anda kapítalísmi, vestrænna lýðræðis-hugsjóna, mannhelgi og einstaklingshyggju. Herstöðvarandstæðingar og þeir sem vildu að Ísland segði sig úr NATÓ komu margir úr röðum kommúnísta og sósíalísta og þar staðsettu

13 Valtýr Stefánsson, „Þeir útvöldu fá fyrirskipanir. Afnámið Komintern var loddaraleikur“, *Morgunblaðið* 7. desember 1948, bls. 2.

14 Jóhannes úr Kötlum, „Landvörn og Þjóðvörn“, *Þjóðviljinn* 24. desember 1948, bls. 7. — Í greininni segir Jóhannes úr Kötlum m.a. þetta um Sigurbjörn Einarsson: „Svo djúpt var meðvitund almennings sokkin niður í fen andvaraleysisins og blekkinganna, svo rík var fullvissan orðin um algera siðferðilega uppgjöf borgaranna, að það verkaði eins og áhrifamikill náttúruviðburður þegar einn samvirkusamur borgari — og það prestur — hristi af sér slenið og reis upp til að gera skyldu sína. Viðbrögðin urðu þar eftir. Hver hugsandi og óspilltur borgari hrökk upp við hljómi þessarar einlægu raddar. Að vísu var mergurinn málsins sá sami og sósíalístar höfðu linnulaust túlkað. En hér talaði af hógværd sá sem verið hafði í framboði fyrir Alþýðuflokkinn við síðustu kosningar og því ólíklegur til að vera „fimmtuherdeildarmaður.“ Og allt í einu varð fjöldi manna ljóst að land og þjóð var í yfirvofandi hættu. Aftur á móti komst allt á ringulreið í herbúðum dollaratrúarmanna sem orðnir voru vongóðir um að takast mætti að innlima okkur í hernaðarklíku ameríska kapítalísmans þegiandi og hljóðalaust. Alþýðublaðið réðst gegn frambjóðanda flokks síns af venjulegri stefnanskrí fúlmennsku. Morgunblaðið varð aftur á móti svo yfir sig hneykslað að það náði sér ekki fullkomlega á strik fyrr en eftir heila viku.“

margir Sigurbjörn. Síðar hefur komið fram að Alþýðuflokkurinn vildi fá Sigurbjörn sem þingmann sinn.

Skálholt biskupsstóll á ný

Eftir að líða tók að 900 ára afmæli biskupsstóls árið 1956 í Skálholti óx Skálholtsfélaginu fiskur um hrygg og ráðamönnum þjóðarinnar varð það ljóst að það var ekki vansalaust að láta staðinn vera lengur í því ástandi sem hann var kominn í, lítil hrörleg sveitakirkja var þar og ekki einu sinni prestssetur á staðnum. Fornleifauppgröftur á staðnum í tengslum við væntanlega kirkjubyggingu jók mjög áhuga á endurreisn staðarins. Fundur steinkistu Páls biskups Jónssonar vakti mikla athygli, bæði á Íslandi og víða á Norðurlöndunum. Hreyfingin sem vildi byggja upp kristna kirkju og trú á fornum þjóðlegum grunni varð sterk og stuðningur kom víða að.

Ljóst var að Ásmundur Guðmundsson léti af biskupsembætti fyrir aldurs sakir árið 1959 og eftir því sem nær leið þeirri stundu tóku æ fleiri að benda á Sigurbjörn Einarsson sem eftirmann hans. Það mátti að sama skapi vera lýðum ljóst að umdeildur stjórnmalamaður gat ekki orðið sameiningartákn kristinna manna og leiðtogi meðal þeirra, biskup þjóðkirkjunnar. Það er kenning þess sem þetta skrifar að Sigurbjörn og nánir stuðningsmenn hans hafi gert sér grein fyrir því að hann þyrfti að velja á milli kirkjunnar og stjórnmalanna. Sigurbjörn valdi kirkjuna og líklega hefur hugsjón hans um endurreisn Skálholts skipt þar miklu máli. Hann vildi koma því máli í höfn og tókst það með stuðningi ráðandi stjórnmalanna innan Sjálfstæðisflokksins. Í huga hans og margra annarra voru nán tengsl á milli endurreisnar Skálholts og stöðu kirkjunnar í landinu sem einnar af grundvallarstofnunum þjóðfélagsins.

Bókmenntir, skólasaga og þjóðarsagan komu saman í sögu Skálholts og sú reisn sem yfir þeim stað hvíldi skyldi skila sér í sterkari stöðu þjóðkirkjunnar meðal þjóðarinnar. Þetta stef má greina í mörgum fyrirlestrum og predikunum Sigurbjörns alveg frá því að hann tók að beita sér fyrir endurreisn Skálholts.

Eftir því sem nær dró stórafmæli Skálholts sem biskupsstóls árið 1956 og kosningu nýs biskups varð til grundvöllur að sögulegri sátt milli Sigurbjörns Einarssonar og Sjálfstæðisflokksins. Lykilmenn í þessu ferli eru tveir, annars vegar Sigurbjörn sjálfur að sjálfsögðu og hins vegar Bjarni Benediktsson, sonur Benedikts Sveinssonar, sem áður er nefndur, fyrrverandi lagaprófessor, ritstjóri *Morgunblaðsins* og formaður Sjálfstæðisflokksins. Grunninn að þessari sögulegu sátt má líklega rekja til samskipta þessara manna innan háskólans. Þar hefur Bjarni fengið að kynna guðfræðingnum Sigurbirni, yfirburðapekkingu hans á nútímaguðfræði og trúarbragðafræði og trúmanninum Sigurbirni sem átti náðargáfu sannfæringarinnar sem var smitandi og jafnframt grunnurinn að áhrifamætti hans í persónulegum samskiptum, hvort sem menn voru með honum eða á móti í einhverju ákveðnu máli.¹⁵

Árið 1959 var Sigurbjörn Einarsson kosinn biskup bæði með stuðningi presta úr röðum frjálslyndra guðfræðinga og einnig úr röðum hinna íhaldssömu. Í raun hafði Sigurbjörn og sú guðfræði sem hann beitti sér fyrir rofið þá múra sem byggst höfðu upp í þjóðkirkjunni alla öldina milli hinna frjálslyndu og íhaldssömu. Til þess beitti hann nýjum sjónarmiðum í

15 Pétur Pétursson, „Guðfræðingurinn og guðsmaðurinn Sigurbjörn Einarsson“, *Ritröð Guðfræðistofnunar*, 16/2002, bls. 15–24.

guðfræði og ritskýringu sem hann kynntist í Svíþjóð og Þýskalandi og á ferðum sínum erlendis og með þátttöku í kirkjulegu starfi á alþjóðlegum vettvangi.

Skálholt hafði farið í einkaeign þegar biskupsstóll var þar lagður niður um aldamótin 1800. Íslenska ríkið ákvað hins vegar nú að kaupa jörðina og tók að sér að reisa veglega kirkju og prestsbústað þar sem biskup Íslands átti einnig að hafa aðstöðu. Nýja kirkjan var vígð 21. júlí 1963 og sama ár setti Alþingi sérstök lög um Skálholt og ríkisstjórnin með Bjarna Benediktsson kirkjumálaráðherra í fararbroddi afhenti biskupi þjóðkirkjunnar staðinn og kirkjuna að gjöf ásamt loforði um myndarlegt fjárframlag til áframhaldandi kirkjulegrar endurreisnar á staðnum. Í ævisögu Sigurbjörns kemur fram að hann átti frumkvæðið að þessum lögum og hugmyndina að þeim hafði hann lagt fyrir Bjarna Benediktsson kirkjumálaráðherra því að „þá stóð það og féll með honum hvort kirkjan fengi Skálholt með ákveðnum fjárframlögum. Eftir að Bjarni hafði gaumgæft málið eins og Sigurbjörn lagði það fyrir hann, tók hann það upp á sína arma og fylgdi því eftir gegnum Alþingi af alkunnri einbeitni og málafylgju. Það fékk reyndar góðan stuðning á Alþingi.“¹⁶

Þar með var gjöf Gissurar biskups Ísleifssonar aftur skilað í hendur kirkjunnar. Skálholt hafði þá verið í einkaeign í 150 ár og eign íslenska ríkisins í 28 ár. Á vígsludegi gaf kirkjuráð út samþykkt, sem það hafði gert og fól í sér megindrög að framtíðarstefnu um stofnanir þær og starfrækslu sem miða skyldi að í Skálholti. Samþykktin var á þessa leið:

Kirkjuráð lítur svo á, að framtíð hinnar ísl. Þjóðkirkju sé nátengd viðreisn þeirri, sem nú er hafin í Skálholti, og telur því, að haga beri einstökum framkvæmdum með tilliti til heildarskipulags staðarins og þess markmiðs, að hann verði alhlíða menningarmiðstöð og aflvaki kristnlífi þjóðarinnar.¹⁷

Síðar reis þar lýðháskóli, rektorsbústaður og hús fyrir organista. Með því að þjóðkirkjan tók við þessari gjöf af ríkinu var hún orðin lögaðili að eignum og staða hennar gagnvart ríkisvaldinu orðin sjálfstæðari en áður. Á þessari forsendu var síðan byggt þegar unnið var að löggjöf um sjálfstjórn þjóðkirkjunnar og lýðræðislega uppbyggingu en það birtist svo í löggjöfinni um stjórn, stöðu og starfshætti þjóðkirkjunnar árið 1997, sem fól í sér að kirkjuþing fékk löggjafarvald í innri málum hennar, en áður var það alfarið hjá Alþingi, og biskup Íslands og skrifstofa hans fengu það vald sem áður hafði legið hjá dóms- og kirkjumálaráðherra.

Sigurbjörn lét af embætti biskups Íslands árið 1981 en hann var áfram kirkjuleiðtogi og biskupinn með stórum staf í hugum margra. Eftirmaður hans var Pétur Sigurgeirsson, sonur Sigurgeirs Sigurðssonar biskups. Sem predikari var Sigurbjörn áfram áhrifamikill en auk þess fór hann að sinna sálmakveðskap með góðum árangri og má rekja marga af bestu sálum sálmabókar kirkjunnar til hans. Margir, og þar á meðal prófessorar í guðfræði, hafa séð í honum kirkjuna sjálfa holdi klædda.

Þjóðkirkjan sem lögaðili

Eitt af því sem Sigurbjörn Einarsson tók sér fyrir hendur eftir að hann lét af biskupsembætti var starf í kirkjueignanefnd. Þessi nefnd átti að skilgreina hverjar væru raunverulegar eigur kirkjunnar, en það var um margt óljóst þar sem ríkisvaldið hafði haft umsjón og umráðarétt yfir þeim frá því að kirkjulög voru sett árið 1907. Nú var hægt að ganga út frá því að þjóðkirkjan væri sérstakur lögaðili og að hún gæti átt eignir og sjálf skipt sér af því hver arðsemi

16 Sigurður A. Magnússon, *Sigurbjörn biskup: Ævi og starf*, Akureyri: Tindur, 2008, bls. 269.

17 Sama rit, s.st.

þeirra væri og hvernig þeim væri varið til framdráttar guðskristni án afskipta misáhugasamra alþingismanna. Starf þessarar nefndar varð síðan grundvöllurinn að samningi ríkis og þjóðkirkju um kirkjueignir, laun presta og rekstur Biskupsstofu.

Sem kirkjuleiðtogi hafði Sigurbjörn beitt sér fyrir því að þjóðkirkjan yrði sýnilegri sem sérstök stofnun í samfélaginu og m.a. beitt sér fyrir stofnun kristlegs lýðháskóla, stofnun Hjálparstofnunar kirkjunnar og áherslum í helgisíðum sem undirstrikuðu sérstöðu hennar í menningu og sögu. Embættisskilningur hans og afskipti af helgisíðum var náskyldur þeirri hreyfingu sem kölluð hefur verið litúrgíska hreyfingin og stefnir að því að endurvekja klassíska siði, form og tákni í helgihaldi og kirkjuskipan. Þjóðkirkjan átti að verða sjálfstæðari en áður og grunnhugsunin var sú, sem margir aðrir leiðtogar og áhugafólk um kirkjumál deildu með Sigurbirni, að þá yrði hún meiri kirkja og í betri aðstöðu til að beita sér í samfélaginu, hafa áhrif, breiða út fagnaðarerindið og þoka samfélaginu meir í átt til kristinna gilda. Þetta þýddi að sjálfsgöðu einnig vissa aðgreiningu frá samfélaginu í heild og stofnunum þess miðað við það hvernig kirkjan hafði verið á fyrri hluta aldarinnar. Ímynd kirkjunnar skyldi skerpt og skýrar línur dregnar. Þetta er einnig einkennið á mörgum áhrifamestu predikunum Sigurbjörns á ferli hans. Hann dró upp skýrar línur, setti mörk og notaði mergjað málfar sem sumum sveið undan enda eignaðist hann á ferli sínum andstæðinga og jafnvel óvildarmenn sem biðu færís að klekkja á honum og draga úr trúverðuleika stefnu hans.

Í þessu samhengi ber að nefna álit Sigurbjörns sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið bað hann um þegar það fékk umsókn frá Ásatrúarfélaginu um að fá löggildingu sem trúfélag árið 1973. Þar beitti Sigurbjörn yfirburðapekkingu sinni í trúarbragðasögu og sýndi fram á hve heimildir um hina fornu ásatrú eru hæpnar en einnig benti hann á tengsl nýheiðindóms og ásatrúar við nasismann. Þetta gátu sumir talsmenn Ásatrúarfélagsins og áhugafólk um endurvakningu hins forna síðar aldrei fyrirgefið Sigurbirni. Sumir þeirra voru fylgismenn dulspækikenninga dr. Helga Pjeturss sem nefndar eru nýalsismi og byggðar eru á andgyðinglegri arískri kynþáttahyggju. Þar á meðal var einn af forystumönnum Félags nýalssinna og félagsins Norræns mannkyns en það síðarnefnda var ótvírætt nasískur félagsskapur. Sjálfur hafði Sigurbjörn á menntaskólaárum sínum, í miklum uppreisnarhug og byltingarham, laðast að kenningum Helga Pjeturss, átt samleið með nýalssinum og skrifað greinar í skóla-blad gegn kristnum sið. Þetta var svo dregið fram af óvildarmönnum Sigurbjörns þegar þeim hentaði.

Gunnar Kristjánsson prófastur hefur í mörgum greinum um þróun þjóðkirkjunnar, kirkjustjórnina og það kirkjuskipulag sem varð í embættistíð Sigurbjörns Einarssonar talað um kirkjuvaldsstefnu sem hafi gert það að verkum að kirkjan fjarlægðist fólkið í landinu. Hann skrifar:

Með Sigurbirni eflist vegur hinnar íhaldssömu guðfræði, fyrst innan háskólans og síðar með því að hann verður biskup, hægt og sígandi innan kirkjunnar í heild. Með honum kemur einnig ný kirkjustefna sem kalla mætti kirkjuveldisstefnu þar sem kirkjan fær greinilegri afmörkun innan íslensks samfélags en lengst af hafði verið í lútherskum sið. Þetta undirstrikaði sr. Sigurbjörn einnig með þeim biskupsbúnaði sem hann tók upp: mýtur og kórkápa. Með þessu verður kirkjan nánast ríki í ríkinu, stefnan er tekin til aðgreiningar. Þeirri samstöðu kirkju og samfélags, trúar og menningar, sem verið hafði um langan aldur, er nú í fyrsta skipti ögrað. Guðfræði Sigurbjarnar einkenndist einnig mjög af söguhyggju, endurreisn Skálholts verður markmið sem sett er á oddinn og leitað er óspart í sjóði íslenskrar trúarhefðar. Hin gömlu gildi trúarjátninganna eru hafin til fyrri virðingar, einnig friðþægingarkenningin og upprunasýndin, litúrgíska hreyfingin fær byr undir báða vængi og kvöld-máltíðarsakramentið er hafið til vegs og virðingar að nýju. Arfur kirkjunnar er kominn á dagskrá. Reyndar er kirkjan sjálf komin á dagskrá í nýjum en ævagömlum skilningi, kirkjan sem stofnun með langa sögu og merkar hefðir, áður höfðu kirkjunnar menn heldur talað um trúna, kristnina eða kristindóminn.¹⁸

Kristnitökuhátiðin

Nú fara ný aldamót að nálgast, annað árþúsund á Íslandi, árið 2000, og þá skal minnst þúsund ára afmælis kristnitökunnar á Alþingi. Það var samdóma álit forseta sameinaðs Alþingis og flestra alþingismanna, í hvaða flokki sem þeir voru, að kristnitakan hefði verið mikilvægasta ákvörðunin í sögu Alþingis enda skyldi haldið upp á hana með veglegum hætti. Alþingi, ríkisstjórn og kirkjunnar fólk vildi að sjálfsgöðu gera þetta að veglegri þjóðhátið á Þingvöllum þar sem samfylgd kristni, menningar og samfélags í þúsund ár væri minnst. Vanda átti allan undirbúning og voru fyrri þjóðhátiðir á Þingvöllum fyrirmyndir þeirra sem höfðu framkvæmdarvaldið. Ekki átti bara að minnast kristnitökunnar og mikilvægi hennar fyrir alla þjóðarsöguna og fólkið í landinu heldur skyldi hátiðin marka tímamót, vera tákni um mikilvægi kristinnar trúar og áfangi í þá átt að efla áhrif hennar enn meir meðal þjóðarinnar, í menningunni allri, bókmenntum og grunnildum samfélagsins. Þessi hátið átti að gera þjóðkirkjuna að betri kirkju og áhrifameiri fulltrúa kærleiksboðskapar Jesú Krists eins og kemur fram í ávarpi Davíðs Oddssonar forsætisráðherra á málþingi Kristnihátíðarnefndar í nóvember 1997. Davíð gengur gagnrýnislaust út frá hinni rómantísku sögutúlkun á kristnitöku í alheiðnu þjóðfélagi sem staðreynd og gerir greinarmun á hlutverkum ríkis og kirkju en væntir þess engu að síður að þjóðkirkjan axli þá ábyrgð sína að efla kristindóminn í landinu. Kristnitökuhátiðin á þar að vera henni mikilvægur hvati enda þótt tilgangurinn með henni af hálfu ríkisvaldsins sé alfarið formleg hátiðarhöld í tilefni einnar mikilvægustu ákvörðunar alþingis og þar með tímamóta í sögu lands og þjóðar. Davíð orðar þetta svona:

[...] þúsund ár eru senn liðin frá því að þjóðin ákvað með formlegum hætti að ganga Jesú Kristi og kirkju hans á hönd. Ég sagði að það hefði í fyrstu aðeins verið formleg aðgerð en hvorki andleg, sálarleg eða trúarleg. Það kom síðar. Menn finna ekki guð sinn með atkvæðagreiðslu á Alþingi, ugglást ekki þá og örugglega ekki nú. Þess vegna verða hátiðarhöldin sem framundan eru einnig fremur formleg en trúarleg eins og til er stofnað af kristnihátíðarnefnd en kirkjan sjálf hefur á hinn bóginn mikinn undirbúning að því sem snýr að trúarlífni í landinu.¹⁹

Mikilvægi kristinnar trúar fyrir Ísland og Íslendinga skyldi verða öllum ljós á þessari hátið og Alþingi og ríkisstjórnin með Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn í forystu lagði kapp á að gera hátiðina sem veglegasta og ekkert var til sparað. Borið var saman við þúsund-árahátið Íslandsbyggðar árið 1874, alþingishátiðina 1930 og ekki síst lýðveldisstofnunina 17. júní 1944. Alþingi og ríkisstjórnin vildi sýna þjóðkirkjunni virðingu sína og þakklæti fyrir framlag hennar til þjóðarsögunnar í þúsund ár.

18 Gunnar Kristjánsson, „Kirkjan í keng: Hugleiðingar um þróun íslensku þjóðkirkjunnar á tuttugustu öld“, *Andvari* 125/2000, bls. 69–80, hér 4.

19 Davíð Oddsson, „Ræða forsætisráðherra Davíðs Oddssonar“, *Kristni í þúsund ár: Erindi flutt á málþingi Kristnihátíðarnefndar í Ráðhúsi Reykjavíkur 22. nóvember 1997*, ritstj. Júlíus Hafstein, Reykjavík: Kristnihátíðarnefnd, 1997, bls. 21.

Eftirmenn Sigurbjörns á biskupsstóli, þeir Pétur Sigurgeirsson og Ólafur Skúlason, voru báðir nemendur hans og nánir samstarfsmenn. Pétur Sigurgeirsson ver heilum kafla í hirðisbréfi sínu *Kirkjan öllum opin* í kristnitökuháttíðina væntanlegu, merkingu hennar og undirbúning. Hann skrifar:

Bréf þetta hóf ég á því að horfa um öxl, er 1000 ár voru liðin frá komu fyrstu kristniðanna til Íslands. Nú er tími kominn til þess að horfa fram til 1000 ára háttíðar kristnitökunnar. Eftir fáein ár koma þau hin stóru aldamótin svo að eigi hafa önnur eins runnið upp í þjóðarsögunni síðan Íslendingar samþykktu á löngingi sínu að taka kristna trú. Minningarháttíðin verður stór og þýðingarmikil lífi þjóðarinnar, en ekki síður undirbúningurinn. Hann á umfram allt að vera tími vakningar og leiða til endurmats á gildi trúararfsins er „vér bestan fengum“. Undirbúningsárin kalla á þjóðarvakningu.²⁰

Pétur biskup heldur áfram:

Mörg eru merki þess í þjóðfélagi okkar, sem heimsins alls, að fólkið bíður og þráir lausnina, sem kristin trú er ein fær um að veita. Heimur kaldrar efnishyggu og hryðjuverka væntir þess, að lausnin sé í nánd. En hún er þegar komin. „Ég er Alfa og Ómega, segir Drottinn Guð, hann sem er og var og kemur, hinn alvaldi“ (Opb 1,8). Við segjum því ekki, að trúarháttíðin sé einn afmarkaður viðburður, er framtíðinni heyri til, heldur nái ávinningur hennar til dagsins í dag líkt og akur, sem bíður uppskerunnar nú þegar. Ávextir andans geta því aðeins orðið uppskera eftir eitthvert árabíl, að tími þeirra er þegar kominn. Ábending Krists um hvíta akra á við helgistaðina í landinu.

Á okkur, sem nú lifum, hvílir mikil ábyrgð. Það kemur í okkar hlut að ávaxta í lífi okkar trúararfinn besta og skila honum til næstu kynslóðar. Ef við gerum það ekki er tóm mál að tala um raunverulegt gildi kristnitökuháttíðar. Tökum til okkar hin sterku aðvörunarorð Krists: „Þér eruð salt jarðar. Ef saltið dofnar, með hverju á að selta það? Það er þá til einskis nýtt, menn fleygja því og troða undir fótum.“ (Mt 5,13.) Tíminn kallar á uppbyggingarstarf, framkvæmdasaman kristindóm.²¹

Eftirmaður Péturs á biskupsstóli, Ólafur Skúlason, helgaði kristnitökuafmælinu einnig heilan kafla í hirðisbréfi sínu sem út kom árið 1997, sama ár og hann sagði af sér sem biskup. Hann skrifar:

En það er nauðsynlegt fyrir okkur að hafa það í huga, þegar við búum okkur undir háttíð vegna kristnitökuafmælisins, að það er sama Þjóðkirkjan sem um er að ræða í dag og sú sem tók við kyndlinum frá Almannagjá í upphafi [...] það er sama kirkjan, sem býr sig undir að fagna árið 2000 og tók við löggjöf þeirri, sem þingforsetar hafa talið þá þýðingarmestu í sögu Alþingis, árið 1000. Þetta er byggt á því að það er hollustan við Krist, sem skiptir sköpum, en ekki einstaka framsetning eða kenning. Og ber þá einnig að vitna til þess, að þjóðkirkjan telur innan sinna vébanda mikinn meirihluta þjóðarinnar og nýtur verndar og stuðnings ríkisins eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir. Og eru leiðtogar Þjóðkirkjunnar ekki einir um það að telja hag þjóðarinnar best borgið með sterkri Þjóðkirkju, sem tæki uppeldishlutverk sitt gagnvart ungmennum og veiti sífelldan stuðning í lífsbaráttu einstaklinga. En til þess að svo megi verða, má enginn sofa á verðinum eða láta stundargerð til þess að steinum sé varpað – og það jafnvel úr glerhýsi.²²

Þetta var í aðdraganda hrunsins og margir uppfullir af því að Íslendingar væru sérstök þjóð, með sérstaka sögu og séreinkenni og væri kristnitakan hluti af þessu. Erlendum gestum var boðið og ekkert til sparað sem sýnt gæti styrk og ágæti íslenskrar menningar og lista. Á þessari háttíð átti þjóðkirkjan hið opinbera rými og allar gáttir opnaðar á það af stjórnvöldum. Ný þýðing á Biblíunni var undirbúin ásamt útgáfu á veglegu riti um kristni á Íslandi og fjármagn sett í fornleifauppgröft og fleiri verkefni tengd sögu kristni á Íslandi. Nefnd sú sem skipulagði háttíðina var til húsa á sama stað og þær nefndir sem sáu um háttíðir í sambandi við landafundi Íslendinga á Grænlandi og í Ameríku og Reykjavík sem menningarborg árið 2000. Ísland skyldi vera miðpunktur alheimsins, ekki bara í fjármálalegu samhengi heldur einnig í menningarlegu tilliti, í stakk búin til að sameina heimana austrið og vestrið enda höfðu útrásarvíkingar fyrir árið 1000 stofnað ríki í Rússlandi og siglt til Miklagarðs og

20 Pétur Sigurgeirsson, *Kirkjan öllum opin: Hirðisbréf til presta og safnaða á Íslandi*, Reykjavík: Biskupssembættið, 1986.

21 Sama rit.

22 Ólafur Skúlason, *Víð tímamót: Hirðisbréf Ólafs Skúlasonar*, Reykjavík: Skálholt, 1997, bls. 27.

komist þar til áhrifa og fundið Ameríku. Fundur Ronalds Reagans, forseta Bandaríkjanna, og Mikhaíls Gorbatsjovs, aðalritara Sovétríkjanna, í Höfða í Reykjavík árið 1986, þar sem þeir freistuðu þess að ná samkomulagi sem myndi binda endi á vígbúnaðarkapphlaup stórveldanna, var tekinn til marks um vægi Íslands til friðarmála á alþjóðlegum vettvangi. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, gerðist helsti hugmyndafræðingur útrásarinnar og var óþreytandi við að koma henni á framfæri á erlendri grund.²³

Svo kom stóri dagurinn og náttúran skartaði sínu fegursta, dagskráin frábær, en sá fjöldi kom ekki sem skipuleggjendur höfðu vænst. Þetta varð því ekki sú þjóðhátíð sem reiknað hafði verið með. Skipuleggjendur bjuggu sig undir að taka á móti allt að 70–90 þúsund gestum en aðaldaginn voru þeir e.t.v. bara um 15.000. Þetta var í raun og veru hátíð til að halda upp á þjóðkirkjulögin frá 1997 sem tryggðu *status quo* í tengslum ríkis og þjóðkirkju og þetta var hátíð til að halda upp á þá kirkju sem Sigurbjörn Einarsson valdi og byggði upp. Sigurbjörn var maðurinn bak við tjöldin í skipulagningu hátíðarinnar. Sonur hans, Karl, var biskup Íslands og tengdasonur hans, Bernharður Guðmundsson, var ritari samstarfsnefndar kirkju og ríkisstjórnar um framkvæmd og skipulag hátíðarinnar. Sjálfur samdi Sigurbjörn hátíðarsálminn og annar sonur hans tónlistina. Sonarsonur hans var krossberi í helgigöngunni um Þingvöll. Þetta var því að mörgu leyti hátíð Sigurbjörns sem kirkjuleiðtoga og ekki er síður athyglisvert að Björn Bjarnason menntamálaráðherra og síðar dóms- og kirkjumálaráðherra var þarna, sonur Bjarna Benediktssonar, sem á sínum tíma hafði frumkvæðið að því að afhenda þjóðkirkjunni Skálholt árið 1963.²⁴

Sigurbjörn Einarsson biskup skrifar svo að lokinni kristnitökuhátíðinni á Þingvöllum:

Ég fékk að lifa allar fjórar stórhátíðir fyrri aldar á Þingvöllum, frá og með alþingishátíðinni 1930. Allar urðu þær minnisstaðar. Stjórnvöld efndu til þeirra af heilbrigðum metnaði og þjóðin mat það. Þessar hátíðarstundir skiluðu arði, þótt hann yrði ekki talinn í krónum. Fimmta hátíðin var í sumar. Sú verður síðust mín á þessum helga stað. Og mest var hún og fegurst þeirra allra. [...] Alþingi og ríkisstjórn Íslands sáu um það, að mikið tilefni nýttist til fullrar sæmdar. Öll framkvæmd laut öruggri stjórn. Kirkja Íslands skilaði stóru hlutverki. Kirkja heimsins átti mæta fulltrúa á hátíðinni, sem munu útbreiða hróður landsins. Sjónvarpsmenn unnu mikið verk og gott. Ritstjórn Morgunblaðsins sýndi það enn, að hún hefur menningarlega yfirburðarforystu í blaðaheimi þessa lands. Það er mikið að þakka eftir þessa hátíð.²⁵

Hörð gagnrýni á undirbúning hátíðarinnar kom víða fram í fjölmiðlum og beindist m.a. að því að of miklum fjármunum væri ráðstafað í hana, þjóðkirkjan væri of einráð, hún væri tímasekkja, kristnitakan hefði verið ógæfa lands og þjóðar, kristindómnum verið þröngvað upp á frjálslýnda ásatrúarmenn sem búið höfðu í friðsemd við menn og náttúru, kristindómurinn hefði staðið í vegi fyrir hvers kyns samfélagslegum og vísindalegum framförum o.s.frv. Gagnrýni af þessum toga kom ekki síst fram hjá ýmsum álitsgjöfum og félögum í Siðmennt, félagi siðrænna húmanista, og Ásatrúarfélaginu en prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík, Hjörtur Magni Jóhannsson, beindi sérstaklega spjótum að fjármálum kirkjunnar

23 Guðni Th. Jóhannesson, „Exploiting Icelandic History: 2000–2008“, *Gambling Debt: Iceland's Rise and Fall in the Global Economy*, ritstj. E. Paul Durrenberger og Gísli Pálsson, Boulder: University Press of Colorado, 2015, bls. 15–22. Ennfremur má benda á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis á bankahruninu í þessu sambandi en hún dregur þetta einnig fram.

24 Biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson, minntist 900 ára afmælis biskupsstóls í Skálholti við setningu kirkjuþings 2005: „Við vígslu Skálholtskirkju árið 1963 gerðist sá sögulegi atburður að ríkisstjórn Íslands afhenti þjóðkirkjunni Skálholt til eignar og umráða, og hét árlegu fjárframlagi, einni milljón króna til uppbyggingar staðarins. Ég gleymi ekki þeirri stóru stundu þegar Bjarni Benediktsson, kirkjumálaráðherra, stóð í kór Skálholtskirkju á vígsludaginn, og afhenti föður mínum bréf upp á þetta. Það var kirkjusögulegt augnablik og markaði heillaspor og tímamót í samskiptasögu ríkis og kirkju á Íslandi. Að því stóðu feður okkar tveggja sem nú gegnum sömu embættum og þeir þá, fjórum áratugum síðar. Guð blessi sporin þeirra og hugi og handaverk. Megi og verkin okkar í þágu kristinnar hans þóknast honum.“ Karl Sigurbjörnsson, „Ávarp biskups Íslands Karls Sigurbjörnssonar“, *Gerðir kirkjuþings 2005*, [Reykjavík: Þjóðkirkjan], 2005, bls. 4.

25 Sigurbjörn Einarsson, *Sóken og vörn: Kristin viðhorf keynt og skýrð*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2002, bls. 357.

og samfélagslegri forréttindastöðu hennar. Ýmis kristin trúfélög töldu sig sett til hliðar í hátíðarhöldunum sem skipulögð voru á forsendum lútherskrar hákirkjurétttrúnaðarguðfræði Sigurbjörns með tilheyrandi helgihaldi og m.a. altarisgöngum. Ásatrúarfélagsfólk hafði auk þess oft látið til sín heyra og gert tilkall til Þingvalla í tilefni þessarar hátíðar, haft þar sín blót og helgisiði og blaðamenn fylgt þessu eftir, tekið myndir og birt greinar og ljósmyndir sem m.a. birtust í *DV*. Þetta mátti skilja sem beina ögrun við þá stöðu sem Þjóðkirkjan vildi eigna sér í hinu opinbera rými og á helgasta stað Þjóðarinnar.

Eftir að ljóst var að færri höfðu mætt en skipuleggjendur höfðu gert ráð fyrir var spurt af hverju. Var það vegna þess að gagnrýnin eyðilagði hana, eða vegna þess að Þjóðin væri ekki lengur eins kristin eða kirkjuholl og haldið hafði verið fram? Þeir sem vörðu skipuleggjendur hátíðarinnar bentu hins vegar á ótvírætt menningarsögulegt vægi kristindómsins fyrir land og Þjóð og að það hefði verið ábyrgðarhlutur að halda stórhátíð án þess að gera ráð fyrir að tugþúsundir gætu sótt hana. Ýmsir stuðningsmenn kristnitökuhátíðarinnar töldu alla tíð áætlanir um svo mikið fjölmenni óraunsæjar og fögnuðu þeim fjölda sem þó mætti. Að mati þeirra snúast Þjóðhátíðir ekki um messuhald eða aðra slíka hámenningu, þvert á móti nýti fólk Þjóðkirkjuna og hefðir hennar á allt öðrum forsendum.

Daginn eftir aðalhátíðina bar blaðamaður *DV*s þetta undir Sigurbjörn sem svaraði fullum hálsi og bar sumt úr gagnrýninni saman við andkristindómsgagnrýni kommúnista og nasista á millistríðsárunum sem hann hafði sjálfur tekist á við á sínum tíma. Að mati Sigurbjörns voru slíkir gagnrýnendur fyrst og fremst óþjóðhollir. Í *DV* 4. júlí 2000 er þetta haft eftir Sigurbirni:

Ég er ekki hrifinn af þeirri ólund og því suði sem komið hefur fram síðastliðna daga [...] Því miður virðist þetta vera nokkuð algengt í þessu landi. Þetta er ekkert nema afneitun á Þjóðararfi Íslendinga. Sumt af því sem hefur verið birt á opinberum vettvangi minnir á það allra versta sem verstu nasistar og kommúnistar höfðu fram að færa á sínum tíma. Þetta endurspeglar andkristin viðhorf þeirra sem um ræðir.²⁶

Hann var kærður fyrir siðanefnd prestafélagsins sem taldi kærana að vissu leyti á rökum reista, samlíkingin hefði verið óheppileg en ummælin gætu þó ekki talist ámælisvert brot.²⁷ Ýmsir gagnrýnendur Sigurbjörns hafa tekið þessu sem áfellsdómi yfir honum og telja að hann hafi farið yfir strikið og jafnvel misst sig með vísuninni í andkristindómsmálflutning nasista og kommúnista en aðrir hafa varið hann og bent á að í vísun hans hafi alls ekki falist alhæfing um gagnrýnendur kristnitökuhátíðarinnar og málflutning þeirra heldur hafi hann þvert á móti og réttilega bent á að „sumt“ væri af slíkum toga. Sjálfur var Sigurbjörn ósáttur við úrskurð siðanefndarinnar og taldi sig hafa haft á réttu að standa. Þarna hafði í raun sjálf kirkjan ekki treyst sér að standa að baki hans í vörn sinni fyrir hana.

Samantekt og niðurstöður

Sú Þjóðkirkja sem varð til á fyrri helmingi 20. aldar og styrktist mjög í sessi með tilkomu Sigurbjörns Einarssonar sem biskups árið 1959 beið vissan hnekki á kristnitökuafmælinu á Þingvöllum í byrjun júlí árið 2000. Þetta var að vissu leyti hátíð Sigurbjörns biskups og kirkjustefnu hans og hátíðin gekk út á það að viðurkenna og þakka framlag kristinnar kirkju til íslenskrar menningar og samfélags í þúsund ár. Umsögn Sigurbjörns um andstæðinga

26 „Biskup óánægður með gagnrýni á Kristnihátíð: Minnir á verstu nasista — sagði herra Sigurbjörn Einarsson í samtali við *DV*“, *DV* 4. júlí 2000, bls. 5.

27 „Úrskurður siðanefndar Prestafélags Íslands vegna kæru á sr. Sigurbjörn Einarsson: Ekki ámælisvert brot á siðareglum Prestafélagsins“, *Morgunblaðið* 2. ágúst 2000, bls. 20.

Þjóðkirkjunnar og gagnrýnendur hátíðarinnar, sem m.a. höfðu beint spjótum sínum að fjármálum hennar, tengslum hennar við ríkisvaldið og menningarsögulegri þýðingu hennar andspænis aldargamalli gullaldarheiðni íslenskrar þjóðernishyggju, leiddi til þess að hann var kærður til síðanefndar Prestafélags Íslands sem veitti honum vissa áminningu þótt mildileg væri. Sigurbjörn tók hana nærri sér og fannst þar sá höggva er hlífa skyldi. Færa má rök fyrir því að þessar ófarir Sigurbjörns, gríðarlegur kostnaður kristnitökuhátíðarinnar af hálfu hins opinbera og það að aðsóknin að henni reyndist að lokum langt undir yfirlýstum væntingum ráðamanna hafi skaðað ímynd þjóðkirkjunnar.

Ýmislegt fleira kemur þó til sem gerir það að verkum að kristnitökuhátíðin getur aðeins talist táknmynd fyrir raunverulegt ástand mála. Hin óvægna kirkjugagnrýni með tilheyrandi úrsögnum hófst fyrst fyrir alvöru árið 1996 þegar þrjár konur sökuðu þáverandi biskup, Ólaf Skúlason, um kynferðislega áreitni í fyrri störfum sínum en ýmsum þótti varnarviðbrögð hans og þjóðkirkjunnar óásættanleg. Þetta var kirkjunni mun dýrkeyptara en samskiptavandamál starfsmanna hennar sem fjölmiðlar hafa löngum reynst áhugasamir um. Þegar síðar bættust við ásakanir dóttur Ólafs um að hann hefði misnotað hana kynferðislega í æsku og að yfirstjórn kirkjunnar hefði ítrekað reynt að þagga þær niður þegar til hennar var leitað stuðlaði það að nýrri úrsagnahrinu. Þá setti þjóðkirkjan harðri gagnrýni upp úr aldamótum vegna deilna um eðli hjónabandsins í tengslum við málefni samkynhneigðra. Að vísu hafði þjóðkirkjan verið gagnrýnd fyrir frjálsslyndi í þessum efnum allt frá 1987 þegar prestastefna hvatti jafnt gagnkynhneigða sem samkynhneigða til ábyrgðar í kynlífi sínu²⁸ en fljótlega upp úr aldamótum snerist umræðan hins vegar mikið til gegn henni þegar æðstu stjórnendur hennar voru sakaðir um að þráast við að endurskilgreina sjálft hjónabandið og stjórnvöld tilkynntu að landslögum yrði ekki breytt fyrr en kirkjunnar menn kæmust að samkomulagi um þessi efni. Fyrir vikið áttu andstæðingar þjóðkirkjunnar auðvelt með að stilla henni upp sem skúrkinum sem stæði í vegi fyrir sjálfsagðri mannréttindabaráttu samkynhneigðra. Loks beið þjóðkirkjan mikið til ósigur í deilunum um „vinaliðina“ svokölluðu en þar hafði hún reynt að koma prestum í þjónustu innan skólakerfisins og uppskorið harða gagnrýni, ekki síst frá Siðmennt og Vantrú, félögum guðleysingja sem sverja af sér trúarhugtakið.

Þessi neikvæða umræða um þjóðkirkjuna á opinberum vettvangi reyndist henni erfið en þar var sjónum ekki síst beint að fjármálum hennar, tengslum við ríkið, stofnanavæðingu hennar og hlutverki hennar meðal stofnana hins „gamla Íslands“ sem biðu afhroð í bankahruninu haustið 2008. Fyrir vikið hefur aðgangur kirkjunnar að opinberu rými verið smám saman þrengdur en að sama skapi hefur fjölmeningin, sem bankaði á dyrnar, gert það að verkum að kirkja og þjóðfélag eru síður en áður eitt og það sama, eins og lengst af hafði verið.

Ýmsir hafa leitað skýringa á þessu. Gunnar Kristjánsson er meðal þeirra sem telur að kirkjuvaldsstefna Sigurbjörns Einarssonar biskups og þjóðkirkjulögin frá 1997, sem fólust í auknu sjálfræði kirkjunnar undan ríkisvaldinu, hafi leitt til miðstýringar og klerkahyggju. Völdin hafi mikið til færst á hendur eins aðila, þ.e. biskupsembættisins, og kirkjustjórnin hafi einangrast frá söfnuðum landsins. Fyrir vikið reyndist kirkjustjórnin á fyrsta áratugi 21. aldar mikið til berskjölduð gagnvart þeirri gagnrýni sem kirkjan fékk á sig, ekki síst í kjölfar bankahrunsins þegar fjárveitingar til hennar voru skornar umtalsvert niður. Full ástæða er

28 Bjarni Randver Sigurvinsson, *Trúfélagið Krossinn: Ágrip af sögu þess, starfsbátum og kenningum*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1997.

til að rannsaka frekar hvaða áhrif þessar breytingar á þjóðkirkjunni hafa haft á samfélagslega stöðu hennar, starfsemi og boðun.